Nd. **51. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Pálmason, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 9. gr. laganna falli burt.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkvæmt ákvæðum 1.—7. töluliðs 7. gr. og enn fremur skilríki fyrir:

1. Að húsakynni séu óhæf til íbúðar að áliti hreppstjóra og héraðslæknis.
2. Að jörðin sé i sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 3000 kr. Þó er nýbýlastjórn heimilt að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er á, að samhljóða áliti nýbýlastjórnarinnar.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 kr., að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá 1939, samkvæmt útreikningi teiknistofu landbúnaðarins.

Ef ábúandi jarðar verður fyrir tjóni af húsbruna og getur ekki byggt aftur með þeirri aðstoð, sem lög þessi gera ráð fyrir, er nýbýlastjórn heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita hærri byggingarstyrk. Aldrei má þó framlag samkvæmt þessari grein vera meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins eða umbótarinnar.

Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

3. gr.

Fyrir „4500“ i 33. og 35. gr. laganna komi: 6000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við framkvæmd laga um byggingar- og landnámssjóð hefur komið í ljós, að nauðsynlegt er að gera nokkrar breytingar á lögunum. Þess vegna berum við flutningsmenn þessa frumvarps fram nokkrar breytingar við lögin. Standa þær breytingar allar í beinu sambandi við þá verðröskun, sem hefur átt sér stað, síðan styrjöldin hófst.

Í 9. gr. laganna er svo ákveðið, að lán úr byggingarsjóði megi ekki vera hærra, til sama manns, en 6000 kr. Þetta ákvæði leggjum við til, að verði fellt burtu. Byggingarkostnaður hefur vaxið svo gífurlega, að flestum bændum er algerlega ókleift að endurreisa bæjarhús sín, með núverandi verðlagi á byggingarefni og vinnu, ef aldrei má veita hærra lán en þetta.

Önnur breytingartillaga okkar er við 12. gr. laganna, sem fjallar um skilyrði fyrir því, að endurbyggingarstyrk megi veita. Eins og lögin eru nú, má ekki veita endurbyggingarstyrk, ef fasteignamat þeirra húsa, sem endurreisa á, er yfir 1800 krónur. Það hefur komið í ljós, að þetta er of lágt. Ýmis íbúðarhús í sveitum, sem til fasteignamats eru metin yfir 1800 krónur, eru algerlega óhæf til íbúðar. Höfum við flutningsmenn því lagt til, að fasteignamat slíkra húsa, sem styrkur er veittur til að endurreisa, megi vera 3000 krónur, og þó sé leyfilegt að víkja frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að samhljóða áliti nýbýlastjórnarinnar. Þá er og lagt til, að nokkru hærri endurbyggingarstyrk en lögin almennt heimila megi veita til bænda, sem orðið hafa fyrir stórkostlegu tjóni vegna bruna. Þó má nýbýlastjórnin ekki veita slíkan aukastyrk, nema samþykki ríkisstjórnarinnar komi til í hvert sinn.

Loks leggjum við til, að breytt verði ákvæðum 33. og 35. gr. laganna, þar sem framlög nýbýlasjóðs til nýbýla eru ákveðin. Nú má ekki veita hærri fjárhæð til hvers býlis en 9000 krónur, 4500 kr. í lán og 4500 kr. í styrk. Hér er lagt til, að hámarksheimild sé færð upp í 12000 krónur, er skiptist til helminga lán og styrkur. Þessi breyting er gerð til þess að samræma fjárveitingar þessar við núverandi kostnaðarverð bygginga.